


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	ENSK1LO05 - fjarnám Námsáætlun (Haust 2016)	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Ómar Kristinsson	Sk.st.	ÓKR
---------	------------------	--------	-----

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er lögð mikil áhersla á lestur fjölbreyttra texta til að auka lesskilning og orðaforða. Auk þess er nemandinn þjálfaður markvisst í ritun. Undirstöðuatriði enskrar málfræði eru rifjuð upp. Lesnar eru óstyttrar smásögur með það að markmiði að þjálfa nemandann í textarýni og túlkun. Markmið áfangans er að nemandur auki grunnþekkingu sína í ensku og geri sér grein fyrir hvernig hún nýtist þeim á fjölbreyttan og hagnýtan hátt.

Þekkingarviðmið – Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- almennum orðaforða sem tengist efni áfangans
- grundvallarþáttum málfræðinnar
- notkun hjálpargagna svo sem orðabóka og leiðréttingarforrita
- algengum framburðarreglum
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið – Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig munnlega og skriflega í samfelldu máli um sjálfan sig, umhverfi sitt og annað sem tengist efni áfangans
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- lesa mismunandi texta
- hlusta og skilja almenn samtöl
- nota stafrænar orðabækur, upplýsingatækni og nauðsynleg hjálpargögn í tungumálanámi
- taka þátt í einföldum samræðum
- setja upp texta á viðeigandi hátt eftir aðstæðum hverju sinni

Hæfniviðmið – Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita mismunandi lestraraðferðum eftir því sem við á
- beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í ritun og tali
- rýna í styttri bókmenntatexta
- afla sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt um mismunandi málefni
- gera greinarmun á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum og fylgja eftir og taka þátt í samræðum um efni sem farið hefur verið í
- þróa með sér aga og skipulögð vinnubrögð
- útskýra og rökstyðja skoðanir sínar á tilteknum málefnum á enskri tungu
- miðla eigin þekkingu og skoðunum á efni sem hann hefur kynnt sér
- leysa úr viðfangsefnum, einn eða í samstarfi við aðra


Námsgögn:

Engin kennslubók er í áfanganum.

Öll námsgögn eru á Moodle-kennsluvef eða annars staðar á Internetinu.

Áætlun um yfirferð:

VIKA	LESEFNI	Málfræði	Verkefni
37	From England to the Sudan	Nútfíð	Málnotkun / Ritun
38	Aiming for Gold	Þátíð (og nútfíð)	Málnotkun / Stíll 1
39	Alien	Núliðin tíð	Málnotkun / Hlustun 1
40	The Perfect Flatmate	Þáliðin tíð	Málnotkun / Smásaga
41	Flatmates	Endaspurningar	Málnotkun / Stíll 2
42	Waiter for a Week	Greinar / nafnorð	Málnotkun / Hlustun 2

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ENSK1LO05 - fjarnám Námsáætlun (Haust 2016)	

43	A Load of Old Rubbish		Málnotkun / Stíll 3
44	A Hard Act to Swallow	Fornöfn	Smásaga
45	Owning a Husky	Forsetningar	Hlustun / Stíll 4
46	Scruff Justice	Lýsingarorð	Málnotkun/Ritun 2
47	Bank Robberies / Granny Robs a Bank	Upprifjun / óreglulegar sagnir	Smásaga
48	Lightning Strikes	Upprifjun / annað	Málnotkun / Hlustun

Opnað er fyrir námsefni einu sinni í viku. Hver fyrirsetning er talin viku vinna og á nemandinn að skila úrlausn sinni innan þess tíma. Þó er gert ráð fyrir því að nemandinn hafi mest hálfan mánuð (tvær vikur) til þess að skila úrlausn. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Skili nemandi ekki verkefnum tiltekinnar viku, án fullnægjandi skýringar, er hugsanlegt að svo verði litið á að nemandi hafi ákveðið að hætta námi.

Próf:

Ef nemandi tekur ekki próf í VMA er það tekið í skóla í heimabyggð nemandans. Það er tekið í fyrri hluta desember á haustönn, en í fyrri hluta maí á vorönn. Athugið að komi til þessa að próftökustaður krefjist próftökugjalds af nemanda, semur nemandinn sjálfur um það og stendur skil á því við hlutaðeigandi aðila. Próftökugjald er ekki hluti af því gjaldi, sem greitt er til VMA. Kennari nemandans gerir nemandanum grein fyrir niðurstöðu prófsins, þegar fyrirgjöf fyrir það er lokið. Greinargerðin, ásamt einkunn, er send nemanda í tölvupósti. Auk þess er einkunn færð inn í INNU. Nemandi getur fengið útskrift skólaferils síns frá skrifstofu skólans.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Smásögur	Þrjár smásögur, allar með sama vægi		12%
Almenn verkefni	Textaverkefni, málfræði, málnotkun (Moodle-æfingar)		12%
Ritun	Þýðingar (4x3%) og ritunarverkefni (2x4%)		20%
Hlustun	Hlustunarverkefni (4 – jafnt vægi)		6%
Lokapróf	Lokapróf		50%
	Samtals:		100%
Annað: Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 . Vetrareinkunn reiknast ekki með í annareinkunn nema að nemandi nái 40% markmiða á lokaprófi.			

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 06.09.2016

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils